



Hjá Ferðafélagi Akureyrar eru ferðir sem falla undir erfiðleikastigið **3 skór**.



**Erfiðar ferðir:** Nokkuð langar dagleiðir, 6 - 8 klst. Gengið í fjalllendi og jafnvel lausum skriðum. Getur þurft að vaða. erfiðar ár. Ef gist er þá er það oftast í húsum og þá þarf að bera svefnpoka.

## Dæmi um ólíkar ferðir sem fallið geta undir þriggja skóa ferð hjá FFA

### 1. Dæmi:

#### Fjögurra tinda ferð í Eyjafirði - Laufásstrandarfjöllin **3 skór**

Gengið upp á Ystuvíkurfjall sunnan við Hranárskarð, síðan er gengið norður á Kræðufell, þaðan niður í Fagrabæjargil og upp á Dýrðarnípu. Haldið er norður yfir Dýrðarbungu og á Laufáshnjúk. Síðustu 300 metrnir eru svolítið brölt. Að lokum er farið niður af Laufáshnjúk. Aðeins hluti leiðarinnar er stikaður.

**Vegalengd: 11-12 km. Gönguhækkun um 1000 m.**

### 2. Dæmi:

#### Sólstöðuganga á Múlakollu **3 skór**

Gengið upp á Múlakollu frá gamla Múlaveginum, upp dalinn norðan Brimnesár. Sama leið farin til baka.

**Vegalengd: 8 km. Gönguhækkun: 930 m.**

### 3. Dæmi:

#### Skíðagönguferð inn í Lamba **3 skíðaskór**

Gangan hefst á bílastæðinu við Súluveg. Gengið er inn að Lamba, skála FFA á Glerárdal. Sama leið farin til baka.

**Vegalengd alls 22 km. Gönguhækkun: 440 m.**

### Annað:

#### Lengri ferðir sem flokkast undir 3 skó:

Öskjuvegurinn

Herðubreiðarlindir-Bræðrafell-Askja

Gengið á Herðubreið

Skíðagönguferð inn í Lamba